




GREINARGERÐ
ALMENNT
Deiliskipulagið nær yfir eignarlóð á Suðurgötu 87 á Akranesi með landnúmerið 132104.

ADALSKIPULAG AKRANESKAUPSTAÐAR
Lóðin Suðurgata 87 er í Aðalskipulagi Akraneskaupstaðar innan Akratorgsreits, og er þetta deiliskipulag í samræmi við skilmála þess reitar. Land á Akratorgsreit er einkum notað í íbúðir, verslanir og þjónustu.

MARKMIÐ
Markmið breytingar á deiliskipulaginu er að koma upp bílastæði við austur enda lóðar, við lóðamörk Suðurgötu 87 og 89.

ADKOMA OG AÐGENGI
Aðkoma að fyrirhuguðu bílastæði er frá Suðurgötu. Ekki er leyfilegt að leggja bílum við gangstétt upp við húsið, í akstursátt í vestur, og ekkert bílastæði er í dag innan lóðar.

STADHÆTTIR
Suðurgata flokkast sem húsagata, með hámarkshraða 50. Suðurgata 87 stendur nálægt gatnamótum Suðurgötu og Mánabrautar sem einnig er húsagata.

FORNLEIFAR
Engar skráðar minjar eru á svæðinu. Óheimilt er að raska fornleifum sem kunna að koma í ljós við uppgröft nema að fenginni heimild Minjastofnunar Íslands. Gildir þar einu um jarðrask innan skilgreindra byggingareita og eða jarðrask í tengslum við framkvæmdir, samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess njóta fornleifar 15m friðhelgunarsvæðis skv. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

DEILISKIPULAG
Skipulags- og byggingaskilmálar innan deiliskipulagssvæðisins eru eftirfarandi:

Núverandi deiliskipulag
Byggingarreitur nær undir þegar byggt hús á lóð. Einnig er byggingarreitur fyrir bílskúr og gert ráð fyrir bílastæði á lóð við byggingarreit bílskúrs.

Breyting á deiliskipulagi
Breyting felst í að færa núverandi bílastæði á milli húsa Suðurgötu 87 og 89. Með því fellur niður réttur um bílastæði á vestur hluta lóðar við bílskúr.

Girðingar og afmörkun lóða
Ekki er heimilt að setja upp girðingu við lóðamörk nema í samráði við eigendur á Suðurgötu 89. Lögð er áhersla á snyrtilegan frágang lóðar.


Fráveitur, aðveitur (vatnsveitur) og geymsla eldsneytis og hættulegra efna
Kaldavatnslögn fer í gegnum svæðið og þarf því að fara með aðgát við jarðvegsvinnu.

Áhrifamat vegna umhverfis
Umhverfisáhrif tillögunnar eru talin frekar jákvæð þar sem verið er að skilgreina betur svæðið og staðsetningar innviða. Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt.

Deiliskipulagið og þau áform sem það innifelur er talið hafa óveruleg umhverfisáhrif.



ADALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033



GILDANDI DEILISKIPULAG, AKRATORGSREITUR, 1990

- SKÝRINGAR
- Lóðamörk
 - Nýtt bílastæði
 - Suðurgata
 - Gangstétt
 - Byggingar innan lóðar
 - Nærliggjandi hús
 - Núverandi bílskúrsréttur
- 507,8 m² Stærð lóðar

Skipulagsbreyting er gerð í samræmi við 3.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt með vísan í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar _____

Bæjarstjórinn á Akranesi

Samþykkt deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Bílastæði á lóð Suðurgötu 87, Akranesi			Teikn. nr: 01	Breytt:
			Verk nr:	
Breyting á deiliskipulagi landnr. 132104			Hannað:	Samp. ÓÖG
Dags: .10.07.2025	Mkv: 200 A2	Teikn:ÁKB		
Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - kt. 561204-2760 - netf: landmotun@landmotun.is				